

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 31. gr., sbr. 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2001.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 2001 vera kr. 7.460. Gjaldldagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfislögreglu eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 14. nóvember 2000 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2001. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 28. nóvember 2000.

Hellu, 7. desember 2000.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað
sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.**

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „kr. 10“ í 1. ml. 3. mgr. 3. gr. og 2. ml. 4. gr. kemur: „kr. 13“.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Viðmiðunargjald á ekinn km samkvæmt 1. ml. 3. mgr. 3. gr. og 2. ml. 4. gr. breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli stafliðs j í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., staðfestast hér með og öðlast gildi 1. janúar 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysuþufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>		kg	%	kr./kg
0407.0000 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.02.-31.12.01	ótilgr.	0	77
0404.9000 Annað (mysuþuft)	01.02.-31.12.01	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2000.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.